

Borgarráð

Tillaga um stýrihóp um nýja ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg

Lögð eru fram drög að erindisbréfi stýrihóps um nýja ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Óskað er eftir að borgarráð skipi fulltrúa í stýrihópinn en formaður hópsins er forseti borgarráðs, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Frá því nágildandi ferðamálastefna Reykjavíkurborgar var staðfest árið 2011 hefur umfang ferðaþjónustunnar breyst gríðarlega. Frá vormánuðum hefur verið unnið að greiningu á helstu áskorunum og tækifærum sem ferðamennskan í borginni stendur frammi fyrir en næstu skref felast í hinni eiginlegu stefnumótun. Ferðamálastefna er langtímaáætlun borgarinnar í ferðamálum og til stendur að hún feli jafnframt í sér aðgerðar og innleiðingaráætlun.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi um stýrihóp um nýja ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg.

Erindisbréf

Stýrihópur um nýja ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Frá því núgildandi ferðamálastefna Reykjavíkurborgar var staðfest árið 2011 hefur umfang ferðaþjónustunnar breyst gríðarlega. Frá vormánuðum 2018 hefur verið unnið að greiningu á helstu áskorunum og tækifærum sem ferðamennskan í borginni stendur frammi fyrir en næstu skref felast í hinni eiginlegu stefnumótun. Ferðamálastefna er langtímaáætlun borgarinnar í ferðamálum og til stendur að hún feli jafnframt í sér aðgerða- og innleiðingaráætlun.

Hlutverk stýrihóps:

Hlutverk stýrihóps er að leggja fram drög að nýrri ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg, auk kostnaðarmetinnar aðgerða- og innleiðingaráætlunar.

Helstu verkefni:

Að stýra stefnumótunarferlinu, skilgreina markmið verkefnisins og ávinning, tilgreina helstu hagsmunaaðila og leggja fram drög að stefnu um framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í ferðamálum, áherslur og helstu aðgerðir.

Stýrihópurinn skipa:

Þrír fulltrúar tilnefndir af borgarráði og þar af Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, sem yrði formaður stýrihópsins.

Með hópnum starfar Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs og eftir þörfum sérfræðingar á Höfuðborgarstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn starfi í samráði við sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofustjóra borgarstjórnar. Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar hjá öðrum aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili borgarstjóranum í Reykjavík niðurstöðum fyrir lok maí 2019.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson